

Borgarstjórnin í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson
og
Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 29. apríl 2020

Efni: Landfylling austan við Laugarnes og áhrif á náttúru, landslag og útivist

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framkvæmdir við gerð mikillar landfyllingar við Sundahöfn austan við Laugarnes. Stjórnin er upplýst um að framkvæmdir sé hafnar þó ekki liggi fyrir samþykkt deiliskipulag á svæðinu.

Í lögum segir að framkvæmdaleyfi skal ávallt vera í samræmi við skipulag. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulaginu. Að öðrum kosti kallar veiting framkvæmdaleyfis á að jafnframt liggi fyrir deiliskipulag af viðkomandi svæði. Í þeim tilvikum sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags getur sveitarstjórn þó veitt framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.

Stjórn Landverndar lýst yfir miklum vonbrigðum með að beitt skuli undantekningarákvæðum vegna framangreindra framkvæmda. Ekki verður séð af gögnum að ítarlega hafi verið fjallað um framkvæmdina í aðalskipulagi.

Laugarnestangi er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og, að því er segir í gögnum þar um, vegna þess að mikið er um búsetuminjar og ströndin er að mestu ósnortin. Þá segir einnig í gögnum Borgarinnar að náttúrufarið á Laugarnestanga gerir svæðið einstakt í Reykjavík þar sem hægt er að horfa yfir nesið og út í Viðey án truflunar frá mannvirkjum nútímans. Einnig, mikilvægt er að halda í þetta merkilega menningarlandslag, samspil náttúru og minja, sem er hvergi að finna annars staðar í Reykjavík.

Í fyrirbyggjandi gögnum virðist ekki hafa verið litið til framgreindar lýsingar á þeim verðmætum sem í húfi eru. Áhrif framkvæmda á verðmætt náttúru- og útivistarsvæði hafa ekki verið vel athuguð, sérstaklega þau sjónrænu áður en framkvæmdaleyfi var veitt. Stjórn Landverndar telur þetta ámælisverð vinnubrögð.

Stjórnin hvetur Borgaryfirvöld til að taka framangreinda þættir til vandlegrar skoðunar og kynninga vel áður en teknar verða ákvarðanir um deiliskipulag og frekari framkvæmdir á og við framangreinda landfyllingu.

Með vinsemd,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar